



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

17. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 22. apríl 2024 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2024

Farið yfir framkvæmda- og fjárfestingaáætlun ársins 2024.

Lagt fram til kynningar.

2. Múrviðgerðir á Félagsheimilinu Borg

Fyrir liggur minnisblað Steinars Sigurjónssonar dags. 17.04.2024 um múrviðgerðir á Félagsheimilinu Borg. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að setja allt að 5 m.kr. í múrviðgerðir og málun á Félagsheimilinu Borg. Ljóst er að þeir fjármunir sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun duga ekki til stórfamkvæmda, en ætti þó að duga til að laga helstu skemmdir á múrhúð og sprungur í steypu, ásamt málun á húsinu að hluta eða heild.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar. Framkvæmda- og veitunefnd felur Steinari að fá verð í lagfæringar á suður og vestur hlið félagsheimilisins. Ákjósanlegast væri að taka þær hliðar í sömu framkvæmdinni.

3. Viðgerð á þökum sundlaugar og stjórnarsýsluhúss

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar um viðgerð á þökum sundlaugar og stjórnarsýsluhúss. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir leka í þökum karla- og kvennaklefa sundlaugarinnar á Borg en jafnframt kemur fram að líklega leki þak stjórnarsýsluhússins einnig. Í minnisblaðinu liggur fyrir kostnaðarmat frá GSG þaklögnum ehf. vegna lagfæringa á þökum sundlaugar og stjórnarsýsluhúss. Í minnisblaðinu er lagt til að fundið verði fé til að fara í lagfæringar á þökum eins fljótt og mögulegt er.

Framkvæmda- og veitunefnd er sammála því sem fram kemur í minnisblaðinu um mikilvægi þess að grípa til aðgerða sem fyrst til að koma í veg fyrir leka í þökum þessara fasteigna. Nefndin felur Ragnari að fá tilboð frá öðrum aðila í verkið til samanburðar og leggja það fram á næsta fundi framkvæmda- og veitunefndar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Heitavatnsöflun í Vaðnesi

Unnið er að frekari heitavatnsöflun í Vaðnesi. Fyrir liggja borskýrslur fram til 16.4.2024. Búið er að bora niður í 348 metra. Einhverjar bilanir hafa komið upp sem hafa ollið töfum en heilt yfir miðar verkinu ágætlega áfram.

Borskýrslurnar lagðar fram til kynningar.

5. Vesturbyggð 1. áfangi – Fundargerð 4. verkfundar

Fyrir liggur fundargerð dags. 2.04.2024 af 4. verkfundi vegna verksins „Vesturbyggð 1. áfangi“.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Skólalóð – Teikningar og snið

Fyrir liggja teikningar og snið af hönnun skólalóðar frá Landhönnun.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemdir við teikningarnar fyrir sitt leyti en telur mikilvægt að skólanefnd fái þær jafnframt til umsagnar.

7. Hreinsistöð – verðkönnun

Fyrir liggja gögn/lýsing vegna verðkönnunar Grímsnes- og Grafningshrepps í verkið „Hreinsistöð Borg – niðursetning – verðkönnun“. Verkinu skal vera lokið 1. september 2024.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við framlögð gögn.

8. Endurskipulagning hitaveitu- og kaldavatnsreksturs

Fyrir liggur skýrsla KPMG um endurskipulagningu hitaveitu- og kaldavatnsreksturs sveitarfélagsins. Í skýrslunni er lagt mat á mismunandi leiðir við rekstur veitna sveitarfélagsins til framtíðar.

Framkvæmda- og veitunefnd telur að funda þurfi með KPMG til að fá nánari kynningu á innihaldi skýrslunnar. Sveitarstjóra falið að finna hentugan tíma fyrir framkvæmda- og veitunefnd ásamt sveitarstjórn til að funda með KPMG um innihald skýrslunnar.

9. Opnun tilboða í verkið „Sláttur, hirðing og áburður á opnum svæðum á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi“

Fyrir liggur fundargerð frá opnunarfundum tilboða í verkið „Sláttur, hirðing og áburður á opnum svæðum á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi“ sem haldinn var þann 15.04.2024.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Upphæð
JÞ Verk	7.454.385 kr.
Borg 805 ehf.	8.479.950 kr.
Kostnaðaráætlun	7.761.030 kr.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Í minnisblaði Steinars Sigurjónssonar dags. 17.04.2024 um opnun tilboða í slátt og hirðingu kemur fram að búið sé að yfirfara tilboð lægstbjóðanda m.t.t. hæfi bjóðenda, útilokunarástæðna og rétttra útreikninga í tilboðsskrá og telst tilboðið gilt.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, JP Verk.

Björn Kristinn Pálmarsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 09:50